ur Þ. Gíslason, greiði kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Aðalstefndi greiði stefnanda, Þorsteini Egilson, kr. 1000.00 í miskabætur með 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags, kr. 150.00 til þess að kosta birtingu dóms þessa og kr. 1500.00 í málskostnað.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. apríl 1960.

Nr. 77/1959. **Hörður Ólafsson** (sjálfur)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 4. maí 1959 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur, er framkvæmd var hinn 16. apríl 1959. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi, að því er varðar þinggjald frá árinu 1955, að eftirstöðvum kr. 14.295.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Hann krefst þess og aðallega, að áfrýjanda verði

dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 21. nóvember 1956 fór fram lögtaksgerð hjá áfrýjanda til tryggingar þinggjöldum hans frá árinu 1955. Með því að gerðin reyndist árangurslaus að nokkru, var henni frestað. Með bréfi stefnda til borgarfógetans í Reykjavík, dags. 16. apríl 1959, var þess óskað, að lögtaksgerðin frá 21. nóvember 1956 yrði endurupptekin. Hinn 16. apríl 1959 var framkvæmd lögtaksgerð hjá áfrýjanda, að honum fjarverandi, og þá lögtaki tekin bifreið hans, R 94, til tryggingar þinggjöldum hans frá árinu 1958, kr. 6389.00, og frá árinu 1955, kr. 14.295.00. Kveðst áfrýjandi ekki hafa uppi nein mótmæli gegn lögtaksgerðinni, að því er varðar þinggjöld hans árið 1958, en að öðru leyti telur hann lögtaksgerðina ólöglega.

Með því að lögtaksgerð þeirri, sem frestað var hinn 21. nóvember 1956, var ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, var lögtaksréttur fyrir eftirstöðvum þinggjaldanna frá 1955 fallinn niður hinn 16. apríl 1959 samkvæmt fyrirmælum 2. gr. lögtakslaga nr. 29/1885, sbr. lög nr. 87/1947. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu lögtaksgerðarinnar að því leyti.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er felld úr gildi, að því er varðar eftirstöðvar þinggjalda frá árinu 1955, kr. 14.295.00, og dráttarvexti af þeirri fjárhæð.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Herði Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. apríl 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 16. apríl, kl. 16.30, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í Arnarhvoli og haldinn af fulltrúa borgar-

fógeta Hafþóri Guðmundssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið:

Að halda áfram lögtaki, er byrjað var í gær að beiðni tollstjórans í Reykjavík hjá Herði Ólafssyni, Álfheimum 56, fyrir:

Þinggjaldi nr. 12996/1958	kr.	6.389.00
Þinggjaldi nr. 12603/1955	—	14.295.00
Samtals	kr.	20.684.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

..... Gerðarþoli mætir ekki, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógeta Sigmar Valdimarsson, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola.

..... Var því næst skrifuð upp bifreiðin R 94 og fallið frá virðingu. Lýsti fógeti yfir lögtaki í téðri bifreið til tryggingar framangreindum sköttum, dráttarvöxtum og kostnaði öllum, að áskildum betra rétti þriðja manns.

Miðvikudaginn 6. apríl 1960.

Nr. 64/1960. **Arnljótur Ólafsson Pétursson**
gegn
valdstjórninni og Ólafi Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. f. m., sem barst Hæstarétti 1. þ. m., hefur kærandi skotið hinum kærða úrskurði til dómsins samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, vitninu Ólafi Jónssyni dæmt skylt að nafngreina heimildarmann þann,